

## Leikverk byggt á samnefndri skáldsögu

Árni Blandon og Hallgrímur Hróðmarsson



### **Gestir**

Kristín Sigfúsdóttir

### **Dramatískt leikrit í fullri lengd**

Verkið gerist um miðja níttjándu öld. Fjallað er meðal annars um kristna trú og afstöðu fólks til kvenna, fátæklinga og olnbogabarna samfélagsins. Í Hlíð búa hjónin Páll og Margrét ásamt systur Páls, Þóru, sem á helming búsins á móti honum. Á bænum eru einnig vinnumaðurinn Jónki og eldabuskan Elín (Lilla). Önnur hlutverk eru ung kona (Þóra á yngri árum), aðkomukona(konur), vinnupiltur, oddviti hreppsnefndarinnar og dansarar.

Leikverkið hefst þegar Páll bóndi í Hlíð tekur tæringarveikan mann, Grím, inn á heimilið í óþökk Margrétar, hinnar ráðríku eiginkonu sinnar. Hún er talsvert yngri en hann og kom upphaflega í Hlíð sem vinnukona. Hún giftist Páli vegna þess að hann var talinn auðugur bóndi. Hún hefur lagt mikið upp úr því að byggja við húsin til þess að geta sýnt gestum rausn og myndarskap. Kröfur Margrétar um aukinn húsakost í Hlíð hefur valdið því að Jón hefur ekki getað keypt Þóru út úr búinu. Hún hefur þjónað sem vinnukona á heimilinu frá því að Jón og Margrét gengu í hjónaband. Sveitungarnir hafa ávallt borið mikla virðingu fyrir Þóru, en Margrét hefur ekki hlotið þann sess sem hún óskaði.

Náin vinátta myndast milli Þóru og Gríms. Til að byrja með er mikið þískrað í sveitinni um sambandið, en þegar á líður fara sveitungarnir að dást að umhyggju og fórnfýsi Þóru gagnvart sjúklingnum. Grímur er lífsreyndur og vel lesinn. Þóra er sannkristin og tilfinningalega heiðarleg. Vinátta þeirra byggir á sambandi kennara og nemanda þar sem hvort um sig tekur að sér þau ólíku hlutverk á víxl, og þannig er þróað eitt meginþemað í verkinu sem er spurningin um það hvernig vinátta og holdleg ást spinnast saman.

Margrét gerir tilraun til að koma Grími á braut en Þóra aftekur það. Í framhaldinu fær Margrét því framgengt að herbergið þar sem Grímur dvelur er skilið frá baðstofunni. Á meðan á þeim framkvæmdum stendur skellur á óveður sem flýtir fyrir dauða Gríms.

Að lokum er rétt að taka fram að texti verksins er á köflum mjög ljóðrænn. Eins er rétt að benda á að eintöl Þóru og Gríms eru með því betra sem gerist í íslenskum leikritum, enda var norsk leikritasníllingurinn Henrik Ibsen ein helsta fyrirmynd Kristínar Sigfúsdóttur við bæði leikritagerð (samanber leikrit hennar *Melkorka*) og laust mál.

### **Athugasemd til leikhópa**

Verkið minnir um margt á bestu leikrit á tímabilinu frá 1910 til 1950. Það er því óvíst að það höfði beint til leikhópa í dag, en í verkefnum þeirra er gjarnan mikil áhersla lögð á að færa eldri verk til nútímans og draga fram nýstárlega útfærslu í leikstíl og myndrænni umgjörð verkanna. Því miður mistekst þetta tilraunaleikhús oft hrapalega. Og ýmsum verður hugsað: hefði ekki verið klókara að halda sig við gamla stílinn, því það er full ástæða til að sýna sígild verk án þess að „endurskapa“ þau.

Styrkur sígildra skáldverka og leikhúsverka er hliðstæður að því leyti til að báðar listgreinarnar sækja stoðir sínar í sterka og fjölbreytta persónusköpun ásamt liprum og dramatískum samtölum sem undirbyggja þróun persónanna. Með þetta í huga er leikgerðin á Gestum samin.